



## Barnastarf Menningarmiðstöðvar

### Hornafjarðar 2021

Ferðir í sumar:

- 8. júní Heimsókn í fjósið.
- 15. júní Fugla og steinaskoðun ferðin hefst kl 09:00-12:00.
- 22. júní Hoffell- Jöklaveröld og heitir pottar
- 29. júní Náttúruskoðun kl.09:00-12:00
- 6. júlí Mikley
- 13. júlí Smásjár á Bókasafni.
- 20. júlí Við heimsækjum Hlíðarbergshesta í Borgarhöfn.
- 27. júlí Þórbergssetur.
- 10. ágúst Óvissuferð.

Fylla þarf út leyfisblöð við fyrstu ferð barns og fást þau á bókasafninu.

Skrá þarf í hverja ferð á mánudögum.

og fer skráning fram í

síma 470-8050.

Nú líður að því að barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar fari af stað. Þar gefst krökkum tækifæri á að kynnast nærumhverfinu á nýjan hátt. Í ár munum við ferðast um víðan völl og hlakkar okkur til að sjá sem flesta í barnastarfi sumarsins.

Farið verður af stað kl. 13:00 alla þriðjudaga nema annað sé tekið fram.

Farið verður afstað frá Nýheimum.

Við minnum ykkur á að koma klædd eftir veðri og með nesti.

Frítt er í allar ferðir.

Birt með fyrirvara um breytingar

# MENNINGARMÍÐTÖÐ HORNAFJARÐAR

Júní 2021

## FRÉTTABRÉF Í UPPHAFI SUMARS

Eins og undanfarin ár ætlum við að bjóða börnum frá 7 ára aldri að koma með okkur í lítið ferðalag á þriðjudögum. Yngri en 7 ára geta komið með en þau þurfa að hafa einhvern fullorðinn með sér.

Við ferðumst bæði innan bæjar og utan, en það er Fallastakkur þeirra Laufeyjar og Gulla sem sér um aksturinn í ferðum um sveitirnar og er starfið styrkt af SASS. Við skoðum umhverfið okkar og fræðumst dálítið í leiðinni.



Frá barnastarfi MMH 2017

## SUMARIÐ ER KOMIÐ

Þá er sumarið komið með hjartari daga og von um að COVID-19 fari að sleppa takinu. Við í Menningarmiðstöð Hornafjarðar eru komin í sumarskap eftir annan skringilegan vetur og óvenju þurrt vor þar sem Austur-Skaftafellssýsla komst á óvissustig vegna hættu á gróðureldum. Rigningin er svo sannarlega góð og velkomin til okkar þessa dagana.

## Lítið yfir farinn veg

Við lítum um öxl og sjáum að þrátt fyrir allt hefur starfið í Menningarmiðstöðinni verið fjölbreytt síðastliðinn vetur sem endranær. Viðburðir og sýningar hafa verið fjölmargar á vegum Menningarmiðstöðvarinnar þrátt fyrir veiruna og má þar nefna jólahátíð með nýju sniði, listasmiðjur fyrir börn, sögustundir í bókasafninu og föndur, hrollvekjuhátíð og bílabíó. Vegna samkomutakmarkanna hefur starfsfólkið leitað leiða til að miðla til velunnara Menningarmiðstöðvarinnar í formi streymis og með því að deila efni á vefsíðu og samfélagsmiðlum stofnunarinnar.

Bókasafnið hefur lagt áherslu á að auka við bókakost sem höfðar til yngri kynslóðarinnar og við hvetjum alla krakka til að vera duglega að lesa í sumar og taka þátt í sumarlestri bókasafnsins.

Bóksöluvagninn er á sínum stað og um að gera að koma og næla sér í lesefni fyrir sumarfríið, hvort sem er í bóksöluvagninum eða í safnkosti. Við minnum á að tímarit eru einnig til útláns.

Í Svavarssafni voru settar upp nokkrar sýningar að vanda. Vorið 2020 var sýningin *Uppsprettur*. Þar var opnuð lítil rifa inn á vinnustofu listmálarans Höskuldar Björnssonar. Þá var opnuð sýningin *Út fyrir safnið* og var sýningin fjölskyldu



sýning þar sem verk Svavars Guðnasonar öðluðust nýtt líf og börnin fengu tækifæri til að taka þátt í síbreytilegri sýningu sumarsins. Loka sýning ársins 2020 var svo *Endurskoðun, uppgjör og innrás abstraktsins á Svavarssafni*. Á sýningunni voru nokkur verk frá árunum 1941-49 eftir listafólk sem bar með sér nýja strauma inn í íslenskt listalíf um miðja síðustu öld. Listaverkin á sýningunni voru eftir Svavar Guðnason, Þorvald Skúlason, Jón Engilberts, Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasdóttur.

---

*„Æskuárin eru tengd fögru og rismiklu umhverfi, svipmiklum jöklum, vötnum og litríkum eyjum,- þar sem æðurin kveður sín kyrrlátu ljóð og ungarnir mynda slóð í dögg vott grasið, en sandlóan trítlar milli steina.“*

---

## **HORFUM FRAMAN Í SUMARIÐ**

Vorið í Svavarssafni var að venju tileinkað heimamönnum og list frá svæðinu. Að þessu sinni var sett upp sýningin *Til staðar*. Sýningin opnaði 2. febrúar og stóð til 5. maí. Sýningin eru þrjár innsetningar í náttúru Íslands og heimildir í formi ljósmynda og myndbands. Hin staðbundnu verk voru unnin á afviknum stöðum í þremur landsfjórðungum. Við Hoffell undir Vatnajökli, á Skarðsströnd við Breiðafjörð og í Svalbarðshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu. Hugmyndin að baki verkinu tengist samspili hráefnis sem staðsetningar, mannlegs inngríps og ferlum náttúrunnar sjálfar.

Þann 15. maí opnaði sýning Bjarka Bragasonar *Samtímis/Synchronous* í Svavarssafni. Sýning Bjarka, fjallar um skörun á jarðsögulegum og mennskum tíma. Rannsóknarferlið hefur hverfst um speglun á tveimur trjám frá ólíkum tímum og stöðum. Í verkum hans á sýningunni birtast annars vegar trjáleifar sem fundust við rætur Breiðamerkurjökuls og hafa verið grafnar í jarðvegi þar í um þrjú þúsund ár og hins vegar leifar af fornu tré í Sagehen skóginum í Sierra Nevada fjöllum Kaliforníu. Í júlí opnar svo sumarsýning Svavarssafns þar sem Erla Þórarinsdóttir sýnir sín verk með verkum Svavars Guðnasonar. Safnið er opið í sumar alla virka daga frá 09:00 – 15:00 og um helgar frá kl. 13-17.

Byggðasafnið er með fasta sýningu í Verbúðinni í Miklagarði (Krosseyjarvegi 7), þar er uppgerð íbúð en áður voru sjö verbúðir í Miklagarði. Tvær áhafnir rúmuðust í hverri íbúð auk tveggja ráðskvenna sem sáu um eldamennsku og þrif. Það er ótrúlegt að ekki sé lengra en um það bil 60 ár síðan að fólk bjó og vann við þessar aðstæður. Sýningin opnar 15. júní og verður opin samhliða Gömlubúð, kl. 9-18 virka daga og kl. 9-17 um helgar á frídögum í allt sumar.

Byggðasafnið fékk veglegan styrk frá Safnaráði og mun styrkurinn verða nýttur í skráningu safnkosts og forvörslu aðfanga byggðasafnsins. Starfsmenn safnsins munu mynda, mæla og skrá sögu munanna inn á Sarp ([sarpur.is](http://sarpur.is)) þar sem allir geta nálgast upplýsingarnar. Skráning og forvarsla gripa er mjög mikilvæg, að skrásetja ástand og sögu gripanna svo að þær upplýsingar glatist ekki.

Meningarmiðstöðin ætlar að hafa geymslur Byggðasafnsins við Álaleiru 1 opnar almenningi alla fimmtudaga frá kl. 13-16 frá júlí og fram í ágúst. Það væri gaman að sjá sem flesta kíkja við og heilsa upp á gripina.



Skráning menningarminja í Sveitarfélaginu Hornafirði er megintilgangur rannsóknarsviðs Menningarmiðstöðvar. Verkefnið *Fornbýli, búsetu- og menningarminjar í landslagi í Austur-Skaftafellssýslu* felst í að kortleggja þau fjölmörgu fornu býli og hjáleigur sem farið hafa úr ábúð, sum hver fyrir árhundruðum síðan. Sýnilegar minjar, s.s. húsatóftir, garðlög og aðrar mannvistarleifar eru mældar upp nákvæmlega og lýst í máli og myndum. Leitast hefur verið við að draga fram búsetusögu hvers býlis út frá margvíslegum heimildum en ekki síst verða upplýsingar sóttar í þekkingarbrunn heimamanna. Með þessu verkefni verður hægt að gera sýnilegri merkilegan þátt í sögu forvera okkar sem bjuggu hér í Austur-Skaftafellssýslu fyrr á öldum. Niðurstöðum skráningarinnar verður m.a. miðlað á vefsíðu sveitarfélagsins, heimasíðu verkefnisins og á sýningu sem opnar 18. júní kl 15:00 á bókasafninu þar sem heimasíðan verður formlega opnuð. Skráning fornra eyðibýla í sveitarfélaginu í samstarfi við Þórbergssetur og fleiri aðila er vel á veg komin í Suðursveit og stefnt er að frekari skráningu í sveitarfélaginu á þessu ári.

Héraðsskjalasafnið heldur áfram að skanna elstu hreppsþætur safnsins með styrk frá Þjóðskjalasafni Íslands. Nú er komið að bókum Mýra- og Nesjahrepps og verður þessum rafrænu afritum miðlað á vef Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar um leið og allt er tilbúið. Einnig er áfram unnið að uppsetningu á ljósmyndavef en það er löngu orðið tímabært að koma ljósmyndasafni héraðsskjalasafnsins á veraldarvefinn svo allir fái notið þess.

## **Öðruvísi sumar fram undan**

Vegna ástandsins í samfélaginu hefur Sveitarfélagið Hornafjörður og Humarhátíðarnefnd tekið þá ákvörðun að halda ekki Humarhátíð með formlegum hætti í ár. Þess í stað munu Sveitarfélagið Hornafjörður og Menningarmiðstöð Hornafjarðar efna til óformlegrar Humarhátíðar þar sem viðburðum verður dreift yfir sumarið og mun dagskrá sumarsins berast í hús innan skamms.

## **Humarhátíðarhelgin okkar**

Síðasta helgin í júní er hin eiginlega Humarhátíðarhelgi og þá ætti engum að leiðast því fjölbreytt dagská verður í boði.

Föstudaginn 25. júní klukkan 15.00 mun djass kvartettinn Gola leika á bókasafninu í Nýheimum. Gola samanstendur af Halldóri Lárussyni, Sigurgeir Sigmundssyni, Jóhanni Ásmundssyni og Hauki Arnórssyni. Dagskráin er af ýmsu tagi, allt frá standörðum yfir í fönkskotnari djass og heimstónlist.

Þá munu íbúar af erlendum uppruna í samvinnu við Menningarmiðstöðina og fjölmenningsfulltrúa opna fjölþjóðaeldhús á Hafinu kl. 19:00 Viðburðurinn er opinn öllum og tilgangurinn að eiga saman góða stund og njóta þeirrar fjölþjóðlegu matarmenningar sem samfélagið okkar hefur upp á að bjóða.

*Aðgangseyrir er 1000 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn.*



Laugardaginn 26. júní verður mikið um að vera á miðsvæðinu við sundlaugina og hefst dagskráin kl. 14:00. Sölubásar verða opnir, Húlladúllan kemur og kennir húlladans, Lalli töframaður sýnir listir sínar, hæfileikakeppni gæludýra fyrir alla aldurshópa, hoppukastalar verða á svæðinu, Fimleikafélagið, skottsala og andlitsmálning.

Í Nýheimum býður Húlladúllan upp á smiðju í húllahringjagerð kl 17:00, þáttökugjald í smiðjuna er 3000 kr. og er allt efni innifalið.

Humarsúpugangan hefst kl. 18 og bjóða súpumeistarar upp á súpu víðsvegar um bæinn frá kl. 18:00-20:00 og gaman væri ef íbúar tækju sig saman og héldu götu- eða pallapartý.

Kl. 20:00 mun trúbadorinn Adolf Marinósson syngja fyrir samankomna á miðsvæðinu.

Frekari dagskrá verður auglýst síðar.

**Viltu þú vera með og bjóða upp á humarsúpu, halda pallapartý eða taka þátt í skottsölu eða hæfileikakeppni gæludýra? Sendu þá póst á [eyrunh@hornafjordur.is](mailto:eyrunh@hornafjordur.is) og skráðu þig í lið með okkur.**

## **Fjör í allt sumar**

Í sumar verða börnin ekki út undan og veglegt frístundastarf verður í sveitarfélaginu í allt sumar. Dagskráin fyrir *Sumarfrístund* er í bæklingi sem finna má á vefsíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) undir frístundir í sumar.

Þá er barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar orðið fastur liður í lífi barna í sveitarfélaginu og við lofum að þetta ár verður ekki síðra en þau fyrri. Fyrsta ferð barnastarfsins verður farin þriðjudaginn 8. júní frá Menningarmiðstöðinni í Nýheimum og verða ferðirnar farnar vikulega í sumar. Fyrstu ferðinni er heitið í heimsókn í fjós að skoða kálfa og í sumar verður meðal annars farið í heimsókn í Jöklaveröld í Hoffelli, Þórbergssetur á Hala og Hlíðarbergshesta í Borgarhöfn. Við göngum út í Ósland, siglum út í Mikley, skoðum lífverur í smásjá og njótum náttúrunnar. Fallastakkur sér að vanda um akstur í lengri ferðum og það kostar ekkert að koma með í ferðirnar í sumar.

Þann 10. júlí opnar listsýning Ísars Svans, *Jarðtengdar hugmyndir*, í Nýheimum. Jarðtengdar hugmyndir er fyrsta sýning Ísars Svans og á sýningunni eru bæði málverk og ljósmyndir sem urðu til snemma þessa árs.

Hanna Dís Whitehead, hönnuður í Nesjum, ætlar að flytja hluta vinnustofu sinnar í Stúkusalinn í Miklagarði (Krosseyjarvegi 7) dagana 19.6-2.7. Þar mun hún vinna að teppum með flosbyssu í samtali við muni úr Byggðasafni og Náttúrugripasafni fyrir sýningu. Gestum og gangandi er boðið að koma í heimsókn og kíkja á ferlið. Viðvera verður öllu jafna frá 8-15:45 alla virka daga. Í kjölfarið verður haldin sýning sem stendur fram í júlí. Nánari upplýsingar koma síðar.

Síðustu helgina í ágúst fer þriðji hluti *Þrístökks* fram, viðburðardagskrá á Fagurhólsmýri. Dagskráin verður fjölskylduvæn og samanstendur af myndlist, tónlist, leikjum, klifri, opnu grilli,



dansi og samveru. Þátttakendur verða m.a. listatvíeykið Tara og Silla og félagar úr Harmonikkufélagi Hornafjarðar. Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

Með haustinu verður haldinn pólskur kvikmynda klúbbur á Höfn þar sem sýndar verða pólskar kvikmyndir. Verkefnið er í sérstöku samstarfi við pólska menningardaga sem haldnir verða á Eskifirði strax í kjölfar klúbbsins á Höfn, við PIFF pólska kvikmyndahátíð á Ísafirði og Eyrarland Menningarsetur í Vík.

Þá mun sirkusferð *Hringleiks* og *Allra veðra von* heimsækja okkur 6. ágúst og sýna listir sínar. Miðaverð er 3.500 en frítt fyrir börn á leikskólaaldri.

Frekari dagskrá sumarsins verður auglýst síðar.

Facebook: Menningarmiðstöð Hornafjarðar  
Heimasíða: [mmh.hornafjordur.is](http://mmh.hornafjordur.is)

## SUMARKVEÐJA

Að lokum sendum við sumarkveðjur út til ykkar, njótið sumarsins með þeim sem ykkur þykir vænt um og hugið áfram vel að persónulegum sóttvörnum. Það ætlum við að gera.



**MENNINGARMIDSTÖÐ  
HORNAFJARÐAR**

### Hafðu samband

**Menningarmiðstöð Hornafjarðar**  
Nýheimar, Litlabrú 2  
780 Höfn  
4708050  
[menningarmidstod@hornafjordur.is](mailto:menningarmidstod@hornafjordur.is)



# Búsetuminjar í Suðursveit

Velkomin á myndasýningu  
og opnun vefsíðu

**Föstudaginn 18. júní kl. 15:00**

Menningarmiðstöð Hornafjarðar  
Bókasafn - Nýheimar - Litlubrú 2 - Höfn

Sýningin stendur til 16. júlí 2021



[www.busetuminjar.is](http://www.busetuminjar.is)



jarðtengdar hugmyndir

Sýning eftir Ísar Svan

Nýheimar

10.07.21

07.08.21